

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Borgarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi frá 1. janúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. desember 1979.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Áfrýjunarleyfi	kr. 10 500
2. Nóvaleyfi	— 10 500
3. Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	— 5 300
4. Lögskilnaðarleyfi	— 10 500
5. Ættleiðingarleyfi	— 5 300
6. Leyfisbréf til heildsölu	— 525 000
7. Leyfisbréf til umboðssölu	— 262 500
8. Leyfisbréf til smásölu	— 130 500
9. Leyfisbréf til lausaverslunar	— 105 000
10. Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis	— 5 300
11. Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	— 105 000
12. Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	— 52 500
13. Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	— 37 500
14. Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl.	— 5 300
15. Leyfi til tækifærisveitinga	— 5 300
16. Leyfi fyrir vínveitingastað	— 420 000
17. Leyfi fyrir vínveitingastað til skemmri tíma en tveggja ára	— 210 000
18. a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga)	— 10 500
b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar	— 15 800
19. Iðjuleyfi	— 52 500
20. Leyfisgjald vegna tollvörugerðar	— 52 500
21. Endurnýjun leyfis vegna tollvörugerðar	— 27 000
22. Einkaleyfi skv. lögum nr. 12/1923	
fyrir fyrstu 5 ár	— 25 500
fyrir næstu 5 ár	— 78 000
fyrir síðustu 5 ár	— 157 500
23. Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	— 78 000
24. Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	— 15 000
25. Leyfi til að stunda almennar lækningar	— 15 000
26. Leyfi til að stunda sérلækningar	— 78 000
27. Leyfi til að stunda tannlækningar	— 15 000
28. Sérfræðileyfi til tannlækninga	— 78 000

29. Leyfi til fasteignasölu	—	25 500
30. Undanþáguleyfi til skipstjórnar eða vélstjórnarstarfa	—	2 600
31. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	—	1 300
32. Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eitrefnum	—	5 300
33. Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eitrefnum	—	5 300
34. Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977	—	78 000
35. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	—	25 500
36. Endurnýjun á söluleyfi skv. 35. tl.	—	5 300
37. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977	—	5 300
38. Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977	—	1 300
39. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977	—	10 500
40. Önnur leyfi, er valdsmenn eða Stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	—	5 300

2. gr.

Skirteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Vegabréf til útlanda (18—66 ára)	kr.	5 300
2. Vegabréf til útlanda fyrir aðra	—	2 600
3. Ökuskirteini bifreiðastjóra	—	2 600
4. Skirteini til aksturs bifhjóls	—	2 600
5. Skirteini til stjórnar farandvinnuvélar	—	5 300
6. Ökuskirteini, alþjóðlegt	—	5 300
7. Bifreiðaskirteini, alþjóðlegt	—	5 300
8. Meistarabréf	—	25 500
9. Sveinsbréf	—	5 300
10. Stýrimanns- og skipstjóraskirteini á fiskiskipum allt að 120 br.rúml., hvert skirteini	—	2 600
11. Stýrimanns- og skipstjóraskirteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskirteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml., hvert skirteini	—	8 400
12. Undirstýrimannsskirteini, stýrimannsskirteini og skipstjóraskirteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skirteini ..	—	10 500
13. Vélstjóraskirteini, fyrsta stigs, hvert skirteini	—	2 600
14. Vélstjóraskirteini, annars stigs, hvert skirteini	—	5 300
15. Vélstjóraskirteini, þriðja stigs, hvert skirteini	—	7 800
16. Vélstjóraskirteini, fjórða stigs, hvert skirteini	—	10 500
17. Flugnemaskirteini	—	2 600
18. Einkaflugmannsskirteini	—	5 300
19. Atvinnuflugmannsskirteini hið minna	—	7 800
20. Atvinnuflugmannsskirteini hið meira	—	15 000
21. Flugstjóraskirteini	—	25 500
22. Flugvélstjóraskirteini, flugleiðsögumannsskirteini og flugloftskeytamansskirteini	—	15 000
23. Flugumferðarstjóraskirteini	—	2 600

24. Skírteini til kvikmyndasýninga		
a) staðbundin skírteini	—	2 600
b) sveinsskírteini	—	2 600
c) meistaraskírteini	—	5 300
25. Naglabyssuskírteini	—	2 600
26. Skírteini fyrir suðumenn	—	2 600

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

1. Skráning hlutafélags	kr.	37 500
2. Skráning samvinnufélags	—	37 500
3. Skráning útibús	—	19 500
4. Skráning starfsstöðva erlendra félaga	—	25 500
5. Skráning firma eins manns	—	15 000
6. Skráning firma tveggja manna eða fleiri	—	25 500
7. Skráning breytinga á eldri skráningu	—	4 200
8. Tilkynning um prókúru, sérstök	—	4 200
9. Afturköllun prókúru	—	2 600
10. Skráning bifreiðar, nýskráning	—	16 800
11. Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma	—	8 400
12. Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis	—	16 800
13. Skráning eigendaskipta að bifreið	—	8 400
14. Skráning bifhjóls, nýskráning	—	8 400
15. Skráning bifhjóls, umskráning	—	4 200
16. Skráning eigendaskipta að bifhjóli	—	4 200
17. Skráning og umskráning léttis bifhjóls	—	4 200
18. Skráning og eigendaskipti að léttu bifhjóli	—	4 200
19. Skráning og umskráning beltabifhjóls	—	4 200
20. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli	—	4 200
21. Skráning og umskráning dráttarvél	—	4 200
22. Skráning og eigendaskipti að dráttarvél	—	4 200
23. Skráning og umskráning tengivagna og festivagna	—	8 400
24. Skráning eigendaskipta tengivagna og festivagna	—	8 400
25. Skráning flugvélar, atvinnu	—	25 500
26. Skráning flugvélar, einka	—	10 500
27. Skráning breytinga á eldri skráningu flugvélar (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	—	10 500
28. Skráning kaupmála	—	5 300

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðast kr. 1 300 fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en kr. 9 000.

Fyrir aðra skráningu greiðist kr. 12 800. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða kr. 150 af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða kr. 110 af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Enn fremur skal í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu greiða áritunargjald, kr. 15 af nettósmálest, auk tollgæslu- og sóttvarnargjalds.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitið (dómtúlkur, skjalapýðendur, endurskoðendur o. fl.) kr. 25 500
 2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) — 5 300
- Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnu-veganna.

8. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða kr. 4 200
2. Fyrir löggildingu verslunarbóka — 5 300
3. Fyrir löggildingu leiðarabókar eða véladagbókar — 2 600
4. Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann — 2 600
5. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð) — 600
6. Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna — 900
7. Fyrir veðbókarvottorð — 1 300
8. Fyrir önnur embættisvottorð — 900
9. Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann — 300

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu kr. 450

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru — 900

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarial-staðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrar-gjald, kr. 110 af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjar-fógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók sam-timis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkis-sjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1980. Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 110/1979 og nr. 299/1979.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1979.

Sighvatur Björgvinsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ**um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.**

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnumér 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

- a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg allt að 2000	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg 3000—3199	Þungaskattur kr.
2000—2199	427 000	3200—3399	573 400
2200—2399	451 400	3400—3599	597 800
2400—2599	475 800	3600—3799	622 200
2600—2799	500 200	3800—3999	646 700
2800—2999	524 600		671 000
	549 000		

- b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg allt að 2000	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg 3000—3199	Þungaskattur kr.
2000—2199	555 100	3200—3399	745 500
2200—2399	586 800	3400—3599	777 200
2400—2599	618 600	3600—3799	808 900
2600—2799	650 300	3800—3999	840 600
2800—2999	682 000		872 400
	713 700		